

68
28. ágúst

2. gr.

Leiga eftir hemil er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella 4 kr. Leiga eftir mæli skal ekki vera hærri en 6 — sex — krónur á ári.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er almanaksárið. Gjaldldagi fyrir rafmagn, hvort heldur er um hemil eða mæli, er 30. apríl og 21. des. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda eftir skriflegri tilkynningu til hans. Taka má gjaldið lög taki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir hemil eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

69
20. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

meðferð og notkun rafmagns í Neskaupþúni í Norðfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps stofnar til Rafmagnsstöðvar Norðfjarðar á kostnað sveitarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn frá Bakkabæ að Strandahúsi og selja hana til heimilisnotkunar og annara þarfa, og hefir rafveitan einkasölu á rafmagni á þessu svæði.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi yfirstjórn rafstöðvarinnar. Hún kys í rafveitunefnd til þriggja ára í senn og gilda um kosningu þessa og

starfstímatakmörk sömu reglur og um aðrar fastanefndir bæjarins. **69**
Rafveitunefnd er skipuð oddvita og tveim hreppsnefndarmönnum. **20. sept.**
Ræður hún starfsmenn við stöðina og ákveður laun þeirra.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er frá 1. ágúst til 15. maí og má ekki á þeim tíma taka strauminn af, nema brýna nauðsyn beri til. Þó skal stöðin láta straum til hleðslu rafgeyma 1 sólarhring í hvorum mánuði, júní og júlí.

5. gr.

Rafveitan lætur leggja heimtaugar frá aðallögnum inn fyrir húsvegg að stofnvari og eru heimtaugar eign hennar, en umsækjandi skal að verkinu loknu greiða tengingargjald, er hreppsnefnd ákveður. Umsækjandi skal láta einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

6. gr.

Hreppsnefnd löggildir, eftir tillögum rafveitunefndar, þá menn, til lagninga á húsveitum, er sýnt hafa, að þeir sjeu hæfir til þess með því að fullnægja löggildingarskilyrðum. Þessir menn verða nefndir löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd ákveða löggildingarskilyrði og setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, er falla undir verksvið þeirra. Brjóti rafvirki reglur þessar í nokkru, getur hreppsnefnd svipt hann löggildingu. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sjer lagningu á húsveitum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir taugakerfi rafveitunnar.

Hreppsnefnd getur, eftir tillögum rafveitunefndar, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja, þegar henni þykir ástæða til. Heimilt skal rafstöðinni að taka einkasölu á glólömpum og öryggjum.

7. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla er rafveitan leggur til. Eru mælarnir eign rafveitunnar og leigir hún þá út fyrir ákveðið gjald.

69

20. sept.

8. gr.

Þegar hús hefir verið raflýst, áhöld sett í húsið eða breytt eldri raflagningu má ekki taka húsveituna til afnota fyrir en rafveitunefnd hefir látið skoða hana og úrskurða hana gilda.

9. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka straum úr taugakerfi rafveitunnar, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið að þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Sjerhver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að hústaugar hans sjeu jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum, skal húsráðandi tafarlaust tilkynna það rafstöðvarstjóra eða rafveitunefnd. Skyllt er öllum þeim, sem nota rafvjelar innan takmarka rafveitusvæðisins, hvort sem er til að framleiða rafmagn eða nota það sem aflagjafa, að hafa á vjelum sínum þjettara (Kondensatora) svo þær trúfli ekki víðvarpsnotendur.

11. gr.

Heimilt er rafveitunefnd að banna notkun gamalla lampa og annara áhalda, sem að hennar álitu eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

12. gr.

Mælitöflur skal setja þar í húsi hverju, sem greiður er aðgangur, þurt er og rakalaust. Rafveitunefnd skal jafnan hafa frjálstan aðgang þar að, sem taugar eða áhöld eru, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess unt sje að ganga úr skugga um að alt sje í góðu lagi. Heimilt er rafveitunefnd að fela rafstöðvarstjóra eða öðrum hæfum manni alt slíkt eftirlit.

13. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglugerð þessari, greiði hann ekki gjöld sín til stöðvarinnar á tilteknum tíma eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitunefndar skal slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu ef ekki er úr bætt.

14. gr.

69

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvar- 20. sept.
innar. Hún skal sjá um að nægilegt hreinlæti sje viðhaft í meðferð vjel-
anna og að ávalt sje nóg efni fyrir hendi til reksturs stöðvarinnar. Hún
skal og annast alt reikningshald rafveitunnar. Ársreikningur rafveit-
unnar skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurð-
ast með þeim.

15. gr.

Hrökkvi tekjur rafstöðvarinnar ekki fyrir kostnaði má greiða
það, sem vantar á úr sveitarsjóði.

16. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá yfir
notkun rafmagnsins, og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á
henni.

17. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þessar-
ar sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má skjóta til atvinnu-
málaráðuneytisins.

18. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með sam-
þykki stjórnarráðsins.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 1000 krónum,
nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim sem
almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Neshrepps.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefndin í Neshreppi hefir samið
og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní
1923 til að öðlast gildi 1. okt. 1928, og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.